

**Ed.**

**649. Frumvarp**

til laga um lestagjald af skipum.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 30 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í rikissjóð 2 kr. gjald á ári af brúttó-smálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta skifti 1920, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, þar sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í rikissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett, og er skip að veði fyrir því 2 ár frá gjalddaga.

4. gr.

Lausafjárskattur af skipum, sem eru 30 smálestir brúttó eða stærri, fellur burt.